

2009630SA
Málalykill: 16.31

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands þann 6. september 2024. Samskipti fóru fram á fjarfundi.

Frá Starfsgreinasambandi Íslands: Björg Bjarnadóttir, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir og Vilhjálmur Birgisson.

Frá sambandinu: Inga Rún Ólafsdóttir og Berglind Eva Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

1. Launadreifing starfsmanna skóla

Samstarfsnefndin er sammála um að breyta greinum 2.1.1 og bæta við nýrri grein 2.1.1.1 í kjarasamning aðila frá 1. nóvember 2024.

Grein 2.1.1 um vinnuviku breytist á samningstíma. Eftirfarandi gildir til 31. október 2024:

2.1.1 Vinnuvika starfsmanns í fullu starfi er 40 stundir nema um skemmri vinnutíma sé sérstaklega samið, sbr. fylgiskjal 2 og fylgiskjal 3 sem fjallar um vinnutíma vaktavinnufólks.

Grein 2.1.1 breytist á samningstíma. Ofangreint gildir fyrir dagvinnufólk til 31. október 2024.

Með sérstöku samkomulagi meirihluta starfsfólks á viðkomandi sveitarfélags/stofnunar/vinnustaðar má aðlaga vinnutíma að þörfum stofnunar og starfsfólks og stytta vinnuvikuna um allt að 4 stundir á viku. Samhliða því verður grein 3.1 í kjarasamningi óvirk. Sjá nánar í fylgiskjali 2.

Þar sem starfsemi er takmörkuð hluta úr ári, s.s. í grunnskóla, er vinnuveitanda heimilt að haga vinnutíma starfsmanna með þeim hætti að starfsmenn vinni af sér, á starfstíma stofnunar, þá daga sem starfsemi er takmörkuð. Skal það gert með því að dreifa þeim tíma sem starfsemi er takmörkuð liggur niðri sem jafnast á þá daga sem stofnun starfar nema samkomulag sé um annað við einstaka starfsmenn.

Starfsmaður á dreifðri vinnuskyldu í grunnskólum - útreikningur veikinda á sumarorlofstíma

Við ráðningu starfsmanns á dreifða vinnuskyldu í grunnskólum (launadreifingu) þarf að skilgreina eftirandi:

- Starfshlutfall starfsmanns á starfstíma, t.d. 100% í 9,5 mánuði á ári.*
- Tími orlofs ákveðinn í samræmi við orlofsrétt starfsmanns, t.d. 30 dagar á tímabilinu 15. júní til 15. ágúst.*

c) Tímabil sem starfsmaður er ekki við vinnu á sumartíma þar sem hann hefur áður unnið tímann af sér.

d) Launahlutfall er ákveðið með hliðsjón af framangreindu þ.e. jafnaðarlaun sem starfsmaður fær greitt allt árið.

Veikist starfsmaður á dreifðri vinnuskyldu (launadreifingu) á fyrirfram ákveðnum orlofstíma gilda ákvæði gr. 4.6.1 um veikindi í orlofi. Hins vegar gildir þetta ákvæði ekki ef veikindin koma til á tímabili sem skilgreint er skv. c) - lið.

Grein 2.1.1 um vinnuviku breytist á samningstíma. Eftirfarandi gildir frá 1. nóvember 2024:

2.1.1 Vinnuvika starfsfólks í fullu starfi er 36 virkar vinnustundir. Heimilt er að semja við starfsfólk um tilflutning vinnuskyldu milli vikna eða árstíða.

Grein 2.1.1 breytist á samningstíma. Ofangreint gildir frá 1. nóvember 2024.

2.1.1.1 Þar sem starfsemi er takmörkuð hluta úr ári, s.s. í grunnskóla, er vinnuveitanda heimilt að haga vinnutíma starfsmanna með þeim hætti að starfsmenn vinni af sér, á starfstíma stofnunar, þá daga sem starfsemi er takmörkuð. Skal það gert með því að dreifa þeim tíma sem starfsemi er takmörkuð liggur niðri sem jafnast á þá daga sem stofnun starfar nema samkomulag sé um annað við einstaka starfsmenn.

Starfsmaður á dreifðri vinnuskyldu í grunnskólum - útreikningur veikinda á sumarorlofstíma

Við ráðningu starfsmanns á dreifða vinnuskyldu í grunnskólum (launadreifingu) þarf að skilgreina eftirandi:

- a) Starfshlutfall starfsmanns á starfstíma, t.d. 100% í 9,5 mánuði á ári.
- b) Tími orlofs ákveðinn í samræmi við orlofsrétt starfsmanns, t.d. 30 dagar á tímabilinu 15. júní til 15. ágúst.
- c) Tímabil sem starfsmaður er ekki við vinnu á sumartíma þar sem hann hefur áður unnið tímann af sér.
- d) Launahlutfall er ákveðið með hliðsjón af framangreindu þ.e. jafnaðarlaun sem starfsmaður fær greitt allt árið.

Veikist starfsmaður á dreifðri vinnuskyldu (launadreifingu) á fyrirfram ákveðnum orlofstíma gilda ákvæði gr. 4.6.1 um veikindi í orlofi. Hins vegar gildir þetta ákvæði ekki ef veikindin koma til á tímabili sem skilgreint er skv. c) - lið.

2. Erindi frá Verkalýðsfélagi Suðurlands til samstarfsnefndar

Beðið eftir gögnum frá viðkomandi sveitarfélagi. Málið rætt og frekari umræðu frestað til næsta fundar.

3. Önnur mál

Rætt um stöðu vinnu við ramma um tímaskráningarkerfi. Vinna er í gangi núna og mun SNS upplýsa nánar um stöðuna á næsta fundi.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.